

36

27. júní

41. gr.

Gjöld fyrir störf þau, sem lögreglustjórum eru falin í lögum þessum, renna í ríkissjóð, og eru þau sem hjer segir:

- a. Fyrir skrásetningu fjelags, sem eigi hefir verið skrásett áður .. kr. 30.00
- b. Fyrir skrásetningu útibús — 20.00
- c. Fyrir skrásetningu breytinga eða viðauka við eldri skrásetningu — 15.00
- d. Fyrir að afmá skrásetningu greiðist helmingur af ofanrituðum gjöldum.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júlí 1921, og eru þá um leið úr gildi fallin, að því er snertir samvinnufjelög, öll þau ákvæði, er koma í bága við þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.

37

27. júní

Lög

um

lestagjald af skipum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af hverju skipi, sem er 5 smálestir brúttó eða stærra og skrásett hjer á landi, skal greiða í ríkissjóð 1 kr. 50 a. gjald á ári af brúttósmálest. Hálf smálest eða meira telst heil, en minna broti skal slept.

2. gr.**37**

Lögreglustjórar innheimta gjald þetta á manntalsþingum, í fyrsta sinn 27 júní 1922, og skal það greiðast í því lögsagnarumdæmi, sem skip er skrásett. Um greiðslu gjaldsins í ríkissjóð fer sem um önnur manntalsbókargjöld.

3. gr.

Gjald þetta hefir lögtaksrjett og gengur í 2 ár frá gjalddaga fyrir öllum veðkröfum í skipi.

4. gr.

Ef skip ferst eða er rifið á fyrra helmingi almanaksárs, greiðist ekkert gjald á því ári, en vilji þetta til síðar á árinu, greiðist fult gjald. Gjaldfrjáls eru þau skip, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Pjetur Jónsson.